

Ed.

205. Frumvarp

til laga um aukna löggæslu.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þangað sem siglingar eru mestar, skulu skipaðir löggæslumenn, eftir því sem þörf krefur, lögreglustjórum til aðstoðar.

2. gr.

Stjórnarráðið setur löggæslumönnum erindisbrjef, þar er kveðið er á um starfrækslu þeirra og starfssvið, ákveður laun þeirra og ferðakostnað og veitir þeim skipunarbrjef, að fengnum tillögum lögreglustjóra.

3. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði.

Greinargerð.

Eftir því sem tollgjöld hafa bækkad, tollstofnum fjölgað og fleiri og fleiri lög sett, er þurfa strangrar löggæslu, hefir lögreglustjórum í kaupstöðum og kauptúnum, sem mest er sigling til, orðið örðugra að halda uppi sæmlegrri löggæslu með þeirri aðstoð, sem þeir nú eiga ráð á.

Eigi löggæsla því ekki enn að spillast frá því sem orðið er, virðist nauður til reka, að sjerstakir löggæslumenn sjeu skipaðir fyrir landsfje, enda i nógildandi fjárlögum gert ráð fyrir nokkru fje aðflutningsbannlögunum til varnar.

Ætlast er til að löggæslumenn geti, eftir atvikum, haft yfirsókn stærra svæðis en lögregluþjónar og hreppstjórar og að þeir hafi fult hreppstjóralald, eða jafnvel freklega það, eftir nánari ákvæðum erindisbrjefs.

Stjórnarráðinu er ætlað að ákveða laun þeirra og ferðakostnað, og það á að skipa þá. Með því móti ætti að fást fult eins mikil trygging fyrir því, að fyrir valinu yrðu gagnsmenn.

Kostnaður af lögum þessum, þar á meðal fje til læringar 3—4 mönnum, er valdir yrðu til starfsins, yrði að sjálfsögðu ákveðinn i fjárlögum.